

Nd.

370. Frumvarp til laga

[139. mál]

um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Ólafur Thors, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

3. töluliður 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

1. málslíður 2. gr. laganna orðist svo:

Þegar eignarnám hefur farið fram eftir 1.—2. tölulið 1. gr., skal ríkissjóður selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaupstaðurinn skaðabætur til Garðahrepps fyrir þá tekjurýrnun, sem hreppurinn kann að verða fyrir vegna eignarnámsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 11 1. febr. 1936 er ríkisstjórninni veitt heimild til að taka eignarnámi jarðirnar Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ svo og óræktuð lönd frá jörðunum Hvaleyri og Ási í Garðahreppi. Loks er heimilað samkvæmt 3. tölulið 1. gr. laganna að taka eignarnámi afnotarétt þess landsvæðis í Garðahreppi, sem takmarkast þannig: „Að austan af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi, að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar að vesturhorni Engidals, þaðan meðfram Álftanesveginum að aðalveginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Undanskilið skal þó land nýbýlisins Langholts og land það milli Arnarnes- og Hraunsholtslækja, sem þegar er útskipt til bænda í Garðahreppi.“

Þegar eignarnám hefur farið fram á löndum þessum, skal selja þau eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað, og skulu þau jafnframt lögð undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Það skilyrði er sett í 3. gr. laganna, að lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast eða fá á leigu á þennan hátt, sé skylt að leigja bæjarmönnum eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Ekki hefur komið til framkvæmda að taka eignarnámi landið milli Engidals og Arnarneslækjar. Hins vegar hefur Hafnarfjarðarkaupstaður fengið á leigu til ræktunar með venjulegum hætti landspildu úr þessu landi Garðakirkju.

Það ákvæði laganna, að land það, er um ræðir í 3. tölulið 1. gr. laganna, verði afhent og lagt undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, hefur jafnan verið þyrnir í augum hreppsnefndar Garðahrepps og allra hreppsþúa, og er frumvarpið, sem ákveður, að eignarnámsheimildin á þessu landi verði felld úr lögnum, flutt samkvæmt eindreginni ósk hreppsnefndar Garðahrepps.

Landspildur þær, er hér um ræðir, það er milli Engidals og Arnarneslækjar, verða inni í miðjum Garðahreppi, og ef þær verða sameinaðar lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, munu þær mynda tvær eyjar inni í miðjum byggðum Garðahrepps. Stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar með þessum hætti yrði mjög bagaleg skerðing á löndum Garðahrepps.

Það má telja líklegt, að landspildur þessar ásamt öðru landi Garðahrepps umhverfis þær fari undir byggingar íbúðarhúsa á næstu árum, og mundu skapast erfiðleikar um alla stjórn og framkvæmdir í slíku sambýli.

Garðahreppur er landlítill og þolir ekki meiri skerðingu á löndum sínum en orðin er, ef hann á að geta staðið framvegis sem sjálfstætt sveitarfélag, og verður að telja sanngjarnt, að breytingar þær, sem lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir, nái fram að ganga.